

Sp. 24. Tillaga til þingsályktunar [24. mál]

um árstíðabundinn iðnað.

Flm.: Benedikt Gröndal, Björgvin Jónsson, Pétur Pétursson, Karl Kristjánsson, Áki Jakobsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvort ekki sé framkvæmanlegt og hagfellt að koma upp, þar í landinu sem árstíðabundið atvinnuleysi er, iðnaði, sem rekinn sé á þeim árstíma, þegar önnur vinna er minnst.

Ríkisstjórnin leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi niðurstöður rannsóknarinnar og álit um málið.

Greinargerð.

Hugmyndin um iðnað, er rekinn sé aðeins hluta úr árinu, er sprottin af þeirri staðreynd, að höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar, sjávarútvegur og landbúnaður, eru báðar því marki brenndar, að þær eru árstíðabundnar. Til þess að tryggja fólki um land allt jafna atvinnu og tekjur allt árið þarf að finna verkefni þá tíma ársins, sem minnst er vinna við sjávarútveg og landbúnað á hverjum stað. Þetta hefur þegar verið reynt af hálfu ríkisins, t. d. með tunnusmiði á Norðurlandi, en þarf að gerast í miklu stærri stíl, ef að gagni á að verða.

Ein „vetrarverksmiðja“ hefur fyrir stuttu verið stofnsett í landinu. Er það Fataverksmiðjan Fífa í Húsavík, sem Samband ísl. samvinnufélaga kom á fót til þess að reyna slíkan árstíðabundinn iðnrekstur.

Fataverksmiðjan Fífa tók til starfa í apríl 1955. Var henni fengið rúmgott húsnæði í byggingu Kaupfélags Þingeyinga og keyptar til hennar nauðsynlegar vélar, sem voru aðallega saumavélar. Kostuðu vélarnar, önnur áhöld, húsgögn og innrétt- ing húsnæðis um 200000 kr.

Á árinu 1955 starfaði verksmiðjan aðeins fjóra mánuði og framleiddi 3720 vinnuskyrtur. Höfðu 10 konur og 1 karlmaður atvinnu við framleiðsluna, og voru greidd vinnulaun samtals 151686 kr. Í þessu fyrirtæki þurfti að binda 670000 kr., ef talinn er stofnkostnaður, efniskaup og annar rekstrarkostnaður.

Í ár verður starfstími Fífu meiri og framleiðslan fjölbreyttari, starfsfólk 16—17 manns, og því enn meira að byggja á afkomu og árangri þessarar tilraunar en í fyrra.

Þessi tilraun í Húsavík er mjög athyglisverð og gefur tilefni til ýtarlegrar rannsóknar á möguleikum þess, að fleiri iðnfyrirtæki verði sett upp víðs vegar um landið. Þarf að athuga, hvers konar iðnaður er hugsanlegur og hvað ríkisvaldið þarf að gera til þess, að hægt verði að koma honum á fót og reka hann.